

Ed.

166. Frumvarp til laga

[95. mál]

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Lögin frá 1941 hafa áður verið framlengd þrisvar sinnum á Alþingi, 1943, 1946 og 1948, en sú framlenging fellur niður í árslok 1951. Vegna þess árangurs, sem orðið hefur af lögunum um eyðingu svartbaks, viljum við flutningsmenn enn freista þess að fá lög þessi framlengd um næstu þrjú ár.

Allir eru á einu máli um það, að ræktun æðarfugls og dúnframleiðsla sé hinn allra ánægjulegasti atvinnuvegur hér á landi, sá er á dýrarækt er byggður. Því meir sem æðarvarpseigendur hlynna að æðarfugli, bæta og fegra varplandið og stökkva burt þaðan meginfjöldum hans, tófum og ránfuglum, því meiri verður eftirtekjan. Þetta hafa varpeigendur skilið og hafa mann fram af manni hlynnt með hinni mestu nákvæmni að varpinu. Æðarfuglinn hefur fundið það, að varpeigandinn var vinur hans og verndari og öryggið mest sem allra næst hústað hans, og gerði sér því hreiður við bæjarvegginn og oft í gluggatóftum baðstofunnar. Hvergi veldur æðarfuglinn skemmdum, nema vera kynni, að sláttumönnum þykir skammbeittara í þeim slægju-löndum, er hann verpur að mun.

Það er öllum ljóst, er við varplönd búa, að svartbakurinn er langskæðasti fjandi æðarfuglsins. Situr hann fyrir ungunum, þegar þeir fara á flot nýskriðnir úr eggjum, tínir þá upp og gleypir lifandi, og hafa fundizt oft sex eða fleiri æðarungar í maga svartbaks.

Nú er svo komið, að skotlist hefur mjög hrakað, og þeir fáu, sem með byssu fara, hafa ekki tíma til þess að elta og skjóta að nokkrum mun jafnvarkáran fugl og svartbakinn. Er hann stórum verri viðfangs en hrafninn, þótt viðsjáll sé. Það eina ráð, sem nú hefur komið að gagni, er að eitra fyrir hann, og hefur það reynzt þannig, að þar, sem rækileg eitrun hefur átt sér stað, hefur svartbak verið haldið í skefjum, en æðarvarp aukizt, að minnsta kosti þar, sem annar vágestur, öllum verri, minkurinn, hefur ekki náð til. Við fáum ekki skilið það, að Íslendingar séu svo auði hlaðnir, að þeir hafi efni á að kasta fyrir róða gróða þeim, er þeir geta aflað sér við æðarvarp, sem rekið er með hagsýni.

Það hefur verið sagt af mörgum, einkum þeim, sem dýravínir þykjast vera, að eiturdauðinn sé mjög kvalafullur og jafnvel seigdrepani. Þótt það megi segja með nokkrum sannni um sum spendýr, er allt annað um fugla, en þeir hafa miklu örari blóðrás, og dauðastríð þeirra tekur ekki nema nokkra sekúndutugi. Hví vilja þessir eiturrhatarar ekki banna að eitra fyrir meindýr í bæjum og kaupstöðum?

Frv. til fuglafriðunarlega hefur nú verið lagt fyrir Alþingi, en hvort tveggja er það, að eins og það er úr garði gert, dugir það skammt til þess að eyða svartbaknum, einnig umstang hið mesta að fá eitrunarleyfi í hvert sinn, þegar gefa á inn vörgum þessum, og í annan stað er vafasamt, hvort frv. það verður að lögum á þessu þingi. Við flutningsmenn viljum því engu hætta, hvernig það mál fer, en viljum varna því, að réttur varpeigenda til verndar atvinnuvegi þeirra verði lakari en hingað til hefur verið.